

Misstu af sæti í efstu deild

Sumarið 1963 tók Knattspyrnufélag Siglufjarðar, KS, þátt í keppni í 2. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu og það í fyrsta sinn. Þegar fór að líða á sumarið var KS í einu af efstu sætunum í öðrum riðlinum og átti möguleika á að komast í 1. deild, sem þá var efsta deildin. En þá fór að draga til tíðinda.

Of ungur

Laugardaginn 3. ágúst 1963 kom Þróttur frá Reykjavík til Siglufjarðar til að leika gegn KS. Þróttarar höfðu forystu í hálfleik, tvö mörk gegn engu. Heimamenn sögðu þetta hafa verið klaufamörk. Í síðari hálfleik skoruðu Siglfirðingar fjögur mörk en Þróttarar ekkert og leiknum lauk með sigri Siglfirðinga, 4:2. Þar með urðu þrjú lið efst og jöfn í B-riðli 2. deildar með sjö stig, Siglfirðingar, Þróttarar og Hafnfirðingar (ÍBH).

Einn af leikmönnum KS var Sigurjón Erlendsson, fæddur í apríl 1947 og því 16 ára. Hann hafði staðið sig vel í 3. aldursflokki og var valinn í liðið í stað eldri leimanns sem gat ekki tekið þátt vegna meiðsla, að sögn. Samkvæmt reglum KSÍ taldist Sigurjón ekki vera orðinn 16 ára af því að hann hafði ekki náð þeim aldri fyrir áramótin á undan.

Stjórn KS gerði sér grein fyrir því að sækja þyrfti um leyfi til KSÍ. Síðdegis 31. júlí sendi Tómas Hallgrímsson, formaður KS, símskeyti til Björgvins Schram formanns KSÍ. Var sótt um undanþágu, annars vegar fyrir Sigurjón Erlendsson og hins vegar fyrir Runólf Birgisson, sem var nær ári yngri en Sigurjón. Tómas fylgdi skeytinu eftir með símtali. Formaðurinn lofaði að halda fund um málið um kvöldið og tilkynna niðurstöðuna daginn eftir.

Að kvöldi þess dags hringdi Ingvar N. Pálsson stjórnarmaður í KSÍ í Tómas og sagði: „Það er allt í lagi fyrir ykkur að láta

þessa menn spila með á laugardaginn.“ Tómas óskaði eftir staðfestingu í símskeyti og barst það 2. ágúst. Þar stóð: „Samkvæmt reglum um knattspyrnumót er knattspyrnuráðum heimilt að veita allt að fjórum leikmönnum yngri en 18 ára undanþágu til keppni með fyrsta flokki.“ Ekkert knattspyrnuráð var á Siglufirði heldur átti KS beina aðilda að KSÍ.

Tómas sýndi dómara leiksins, Frímanni Gunnlaugssyni, skeytin og sagði frá símtölunum. Dómarinn sagði leikinn vera löglegan og engin ástæða væri til að tilkynna Þrótti um undanþáguna. Hins vegar var staðfest að Þróttarar vissu um málavexti fyrir leikinn.

Leikurinn kærður

Premur dögum eftir leikinn sendi Jón Ásgeirsson, formaður Þróttar, skeyti til formanns KS og þakkaði „fyrir frábærar móttökur“. Síðan bætti hann því við að þann skugga hefði borið á að lið KS hefði ekki verið löglegt og að Þróttur sæi sig tilneyddan til að kæra það.

Málið fór fyrir héraðsdómstól Íþróttabandalags Siglufjarðar, í samræmi við reglur Knattspyrnusambandsins. Þar var úrskurðað að leikurinn hefði verið löglegur þar sem leyfi KSÍ hefði verið til staðar. Auk þess var bent á að kæran hefði komið of seint fram.

Niðurstöðunni snúið við

Dómstóll KSÍ tók málið upp og féllst á kröfu Þróttara í byrjun september. Siglufirðingar fengu ekki að færa fram sín rök fyrir dómstólnum. Þróttarar komust þannig upp fyrir Siglufirðinga og Hafnfirðinga að stigum í B-riðli og öðluðust rétt til að keppa við Breiðablik, sem hafði sigrað í A-riðlinum, um sæti í 1. deild, sem þá var efsta deild Íslandsmótsins í knattspyrnu, eins og áður sagði.

Í símskeyti sem Knattspyrnusambandið sendi „Knattspyrnuráði Siglufjarðar“ 3. september vekur athygli að fullyrt er að

leikmaðurinn hafi verið ólöglegur: „Dómsorð knattspyrnudómstólsins vegna ólöglegs leikmanns í liði KS í kappleik í annari deild háðum á Siglufirði 3. ágúst 1963 milli KS og Þróttar Reykjavík. Skal leikurinn dæmdur tapður fyrir KS. Bréf á leiðinni.“

Siglfirðingum fannst þetta ekki geta staðist, hart ætti að taka á því ef eldri leikmenn léku með yngri flokkum en ekki öfugt. Andi laganna væri sá og jafnframt var vitað um dæmi þess að ungir leikmenn hefðu tekið þátt í sambærilegum leikjum áður. Lagt hafði verið fram læknisvottorð um að heilsa og líkamsburðir Sigurjóns hindruðu hann ekki frá þátttöku í þessari keppni. Bent var á að í sumum nálægum löndum þyrfti ekki leyfi knattspyrnuyfirvalda fyrir ungum leikmönnum heldur einungis leyfi foreldra.

Formaður KS hringdi í formann KSÍ og viðurkenndi sá síðarnefndi að mönnum innan stjórnar KSÍ hefðu orðið á mistök þegar þeir leyfðu Sigurjóni að leika með. Hefði þá ekki verið réttast að láta liðin mætast aftur?

Svokallað Siglufjarðarmál

Úrslitaleikur Þróttar og Breiðabliks átti að fara fram í byrjun september en áður en af því varð kærði KS málið til dómstóls Íþróttasambands Íslands. Framkvæmdastjórn ÍSÍ vísaði málinu aftur til KSÍ á þeim forsendum að um væri að ræða sérgreinamál og að ekki væri hægt að fjalla um slík mál nema á tveimur dómstigum. En dómstóll KSÍ ákvað 23. september að fyrri úrskurður skyldi standa.

Daginn sem úrslitaleikurinn fór fram, 28. september, mótmælti KS enn einu sinni, án árangurs, og Þróttur komst upp í 1. deild eftir 9:0 sigur á Breiðabliki.

Tómas mætti á ársþing KSÍ í nóvember og var vígreifur, samkvæmt blaðafréttum. Jafnvel var fullyrt að utanbæjarfélögin ætluðu að kljúfa sig frá KSÍ. Á ársþinginu kom fram tillaga um „svokallað Siglufjarðarmál“ en henni var vísað frá en samþykkt

lagabreyting sem koma átti í veg fyrir „að annað Siglufjarðarmál gæti orðið til í framtíðinni“.

Þannig atvikaðist það að lið KS fékk ekki að keppa um efsta sætið í sínum riðli og síðan um lausa sætið í efstu deildinni.

En tímarnir hafa svo sannarlega breyst. Nú reyna meistaraflokkar að nýta sér efnilega unga leikmenn allt niður í fimmtán ára aldur – og eru stoltir af því. Enda hefur KSÍ breytt sínum reglum til samræmis við slíkan hugsunarhátt.

Gullaldarliðið vann samt

En í lok september 1964 varð Knattspyrnufélag Siglufjarðar Norðurlandsmeistari í knattspyrnu. Þá fékk Sigurjón að vera með, enda árinu eldri. Liðið var að mestu leyti skipað sömu leikmönnum og árið áður.

KS hafði unnið fjóra leiki í riðlakeppninni með 28 mörkum gegn 2. Úrslitaleikurinn var við Þór á Akureyri og Siglfirðingar unnu með 3 mörkum gegn 1. Rögnvaldur Þórðarson gerði tvö mörk og Sævar Gestsson eitt. Akureyrarblað sagði að sigurinn hefði verið verðskuldaður og að Siglfirðingar hefðu verið baráttuglaðir og þolgóðir og að margir þeirra hefðu leikið vel. En blaðinu fannst úrslitin vera áfall fyrir akureyrska knattspyrnu.

Sagan segir að KS hafi ekki getað fengið bikarinn afhentan strax eftir mótið vegna þess að búið hafi verið að grafa nafn KA á hann. En mánuði síðar var bikarinn afhentur með viðhöfn á Siglufirði.

Þetta hljóta að hafa verið ákveðnar sárabætur fyrir siglfirska knattspyrnumenn.

Á myndinni hér fyrir ofan, af Norðurlandsmeisturunum 1964, eru í aftari röð: Helgi Magnússon, Pröstur Stefánsson, Freyr Sigurðsson, Rögnvaldur Þórðarson, og Sævar Gestsson. Og í fremri röð: Birgir Guðlaugsson, Bjarni Þorgeirsson, Ásgrímur

Ingólfsson, Arnar Ólafsson og Sigurjón Erlendsson. Á myndina vantar Þorkel Hjörleifsson.



Bragi Magnússon varaformaður KS skrifaði langa grein um kærumálið í Ný vikutíðindi um miðjan nóvember 1963. Þar birtist þessi teikning hans og í myndatexta sagði: „Fígúrunar bak við markið eiga að tákna dómstól og stjórn K.S.Í.“ Bragi mun einnig hafa teiknað aðra mynd sem birtist í dagblaði en hún hefur ekki fundist. Þar kom storkur fljúgandi með Sigurjón í bleyju inn á völlinn.

Ljósmynd: Ólafur Ragnarsson.

Teikning: Bragi Magnússon.

Texti: Jónas Ragnarsson tók saman. Fyrst birt í Siglfirðingablaðinu sem var að koma út.